

Aðalfundur Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK haldinn í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, miðvikudaginn 15.febrúar 2006, kl. 20.

Skýrsla formanns:

Frá síðasta aðalfundi, þ. 15. febrúar 2005 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður
Guðrún Hannesdóttir, varaformaður
Bergþóra Gísladóttir, ritari
Magnea Björk Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Margrét Guðmundsdóttir, Arna Ösp Magnúsdóttir og
Unnur María Figved, meðstjórnendur,
Sigrún Gunnlaugsdóttir tók sæti Unnar Maríu frá haustdögum,
Helga Pálsdóttir og Guðrún Þorgeirsdóttir, varamenn.

Félögum í MFÍK fjölgaði áfram eins og undanfarin ár og nú eru skráðar 141 konur í Menningar- og friðarsamtökin.

8 nýir félagar bættust á skrá félagsins frá því á síðasta aðalfundi, það eru þær:

Ásdís Kalman
Ásta María Björnsdóttir
Bára Snæfeld Jóhannsdóttir
Guðrún Hjörleifsdóttir
Katrín María Schmucker
Laufey Sigurðardóttir
Ragnhildur Kjeld
Sigríður Gunnarsdóttir og
Svava Sveinbjörnsdóttir
Þórdís T. Þórarinsdóttir eru þær allar boðnar velkomnar í hópinn.

Mikil starfsemi var hjá MFÍK á liðnu ári.

Haldnir voru 7 formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda (21/2, 16/3, 7/4, 17/5, 3/9, 22/9, 12/12).

Þá voru haldnir 5 opnir stjórnarfundir til að undirbúa 24.okt. (29/9, 13/10, 20/10) og bókmenntakynningu (31/10 og 14/11). Auk stjórnar tóku þátt í þessu starfi Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, Ásgerður Jónsdóttir, Eygló Bjarnardóttir, Margrét Guðnadóttir, Sesselja Gunnarsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir og Svava Sveinbjörnsdóttir (e.t.v. fleiri?)

5 fundir voru haldnir til að undirbúa 8.marsfund 2005 (2/2, 9/2, 16/2, 22/2, 3/3).

Haldnir voru 4 opnir félagsfundir (19/3, 19/4, 31/5 2005, 10/1 2006), auk 8.marsfundar 2005, mótmæla vegna Íraks 19.mars, kertafleytingar í ágúst, bókmenntakynningar 10.des. og friðargöngu á Þorláksmessu.

Húsnæði sem fundað var í: Snarrót, Garðastræti 2 og síðan á Laugavegi 21, Kaffi Hjómalind, Laugavegi 21, Friðarhúsið, Njálsgötu 87, nýr MÍR-salur, Hverfisgötu 105 Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur og heima hjá stjórn.

Helstu viðburðir ársins voru:

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann 8. mars sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur undir yfyrskriftinni “Ísland í alþjóðasamfélagi”. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum og sá Guðrún Hannesdóttir, varaformaður, um fundarboð. Við upphaf fundar spilaði Hlíf Sigurjónsdóttir á fiðlu. Á fundinum töluðu Þorbjörg Inga Jónsdóttir, KRFÍ, Steinunn Þóra Árnadóttir, ÖBÍ, Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB, Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistamaður og náttúruverndari, Sabine Leskopf, Samtökum kvenna af erl. uppruna, Rósa Erlingsdóttir, UNIFEM, Hjördís Guðbjörnsdóttir, hjúkrunarfr. og María S. Gunnarsdóttir, MFÍK. Kvennakór Garðabæjar söng undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur og Birna Þórðardóttir rappaði. Fundarstjóri var Elna Katrín Jónsdóttir, varaform. KÍ. Alls tóku 16 aðilar, stéttarfélag og samtök þátt í fundinum. Fundurinn, sem var vel sóttur, tókst með afbrigðum vel.

Laugardaginn 19.mars, stóð Menningar- og friðarsamtökin ásamt Samtökum herstöðvaandstæðinga og fleirum fyrir mótmælafundi við Stjórnarráðið, þegar tvö ár voru liðin frá árás Bandaríkjanna á Írak. Tókum við þátt í undibúningsvinnu m.a. við sameiginlega yfirlýsingu og kjörorð en dreifðum einnig sérstakri yfirlýsingu frá MFÍK þar sem sagði m.a.: Árásarstríð á Írak var ólöglegt! Við krefjumst þess að Davíð Oddsson (fyrrv. forsætisráðherra og núverandi utanríkisráðherra) og Halldór Ásgrímsson (fyrrv. utanríkisráðherra og núverandi forsætisráðherra) segi báðir af sér vegna tveggja manna ákvörðunar þeirra að gera íslenska þjóð þátttakendur í stríði! Hernámsliðið burt frá Írak!

Palestínufundur var haldinn 19.apríl í Snarrót í Garðastræti. Vel sóttur fundur þar sem Guðrún Ögmundsdóttir, Svala Norðdahl og Þuríður Backman sögðu frá för sinni til Palestínu og sýndu myndir. Að fundi loknum var matarveisla og safnað í sjóð til að styrkja fyrirhugaða ferð Örnú Aspar Magnúsdóttur til Palestínu.

Vatnsfundur 31.maí í Snarrót á Laugavegi. MFÍK hélt umræðutorg um Vatn í apríl 2002 og hafa félagar löngum haft áhuga á þeim málum, því þótt Ísland sé á besta vatnasvæði heims er ekki hægt að horfa framhjá því að vatnsbirgðir heimsins fara ört minnkandi. Um miðja 20.öld voru vatnsbirgðir heimsins taldar 16 800 m³ á ári á íbúa, um aldamótin 2000 var magnið komið niður í 7 300 m³ og spáin fyrir árið 2025 er uggvænleg: einungis 4 800 m³ á ári á íbúa.

Páll H. Hannesson, alþjóðafulltrúi BSRB, kom og kynnti hugmyndir BSRB að binda í stjórnarskrá Íslands að vatn teljist til mannréttinda og að eignarhald á drykkjarvatni eigi að vera samfélagseign. Í lok fundar var matarveisla og ágóði afhentur Snarrót til lagfæringar á húsnæðinu á Laugavegi.

Árleg kertafleyting var á Reykjavíkurtjörn 9.ágúst.

Vetrarstarfið hófst með opnum stjórnarfundi í Kaffi Hljómalind á Laugavegi 21, þriðjudaginn 29.sept. Þar voru ræddar hugmyndir um aðgerðir MFÍK 24.okt. Í framhaldi voru haldnir fleiri slíkir útvíkkaðir stjórnarfundir í Hildibrandshúsi, heima hjá Maríu og tóku ýmsir félagar þátt í því starfi. Ákveðið var að gera MFÍK sýnilegt á þessum degi þrátt fyrir skilaboð kvennaársnefndar um að félagið væri of pólistískt til að vera með í

dagskránni. Tókum við því sem hrósi og staðfestingu þess að við hefðum ekki svikið málstaðinn. Guðrún Hannesdóttir fékk leyfi Sigurðar Guðmundssonar til að prenta mynd af friðardúfu sem hann gaf MFÍK fyrir mörgum árum. Tókum við ekki þátt í göngunni en stilltum okkur upp á Ingólfstorgi undir merkjum MFÍK, friðardúfum og borða með áletrunum um frið og jöfnuð.

Vatn fyrir alla, ráðstefna, var haldin 29.október á Grand hótél. BSRB, sem hafði forgöngu, bauð MFÍK aðild, ásamt Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Þjóðkirkjunni, KÍ og SÍB. Gefin var út sameiginleg yfirlýsing og síðan áfram vakin athygli á málinu 14.-20.nóv. með greinaskrifum og plakötum sem dreift var m.a. í biðskýlum strætó. Í framhaldi var send sameiginleg athugasemd til Alþingis varðandi vatnalög. Nýverið fóru þeir Páll H. Hannesson og Ólafur Páll Sigurðsson á fund með iðnaðarnefnd Alþingis til að skýra sjónarmið hópsins.

Árleg bókmenntakynning var haldin í nýjum MÍR-sal, laugardaginn 10.des. kl. 14. Þetta var fyrsta opinber athöfn í nýju glæsilegu húsnæði MÍR á Hverfisgötu 105. Þráinn Bertelsson, Kristín Steinsdóttir, Halldóra Thoroddsen, Baldvin Halldórsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Ólöf Stefanía Eyjólfsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir og Hildur Hákonardóttir lásu úr 9 nýútkomnum verkum. Í upphafi dagskrár las Vilborg Dagbjartsdóttir ljóð sitt, Fjallkonan. Margrét Guðmundsdóttir var kynnr á samkomunni en Sigrún Gunnlaugsdóttir og Guðrún Þorgeirsdóttir sáu um hátíðarkaffi. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir sýndi friðardúfu, sem hún hefur málað og Guðrún Þorgeirsdóttir gaf handunna glerengla sína til fjáröflunar fyrir MFÍK. Auk þess voru seld jólakort, eldspýtustokkar o.fl. og sá Lea María Lemarquis um söluborð. Bókmenntakynningin var vel sótt og tókst með miklum ágætum.

Að venju voru MFÍK-konur öflugar í kertasölu í friðargöngu á Þorláksmessu en Sigrún Gunnlaugsdóttir og María S. Gunnarsdóttir tóku þátt í undirbúningi. María fór ásamt Ingibjörgu Haraldsdóttur í sjónvarpsviðtal hjá NFS til að kynna friðargönguna.

10.janúar - fyrsti fundur MFÍK í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87.

Á dagskrá voru tvær ólíkar ferðasögur ferða sem styrktar voru af MFÍK:

1. Ferð Guðrúnar Hannesdóttur og Maríu S. Gunnarsdóttur til Parísar í desember 2005 á afmælisfund hjá UNESCO í tilefni 60 ára afmælis Alþjóðasamtaka Lýðræðissinnaðra kvenna. Í ferðinni áttu þær samtöl við fulltrúa frá ýmsum kvennasamtökum.
 2. Ferð Örnú Aspar Magnúsdóttur til Palestínu sumarið 2005 en við komuna þangað var hún stöðvuð af ísraelskum yfirvöldum, haldið í yfirheyrslum og snúið aftur. Frásögn Örnú lét engan ósnortinn og ætlar hún að leyfa MFÍK að birta hana.
- Í lok fundar urðu síðan ágætar umræður um stefnu MFÍK á síðasta opna félagsfundinum fyrir aðalfund. Rætt var um nafn félagsins, hvort opna ætti það körlum, um feminisma og jafnrétti og fleira. Ýmsar tóku til máls.

26.janúar var haldinn fyrsti undirbúningsfundur fyrir 8.marsfund 2006. Undirbúningur er núna í fullum gangi, haldnir hafa verið 3 undirbúningsfundir og á þessari stundu er allt útlit fyrir glæsilegan baráttufund í Ráðhúsi Reykjavíkur undir yfirskriftinni: Þróunaraðstoð – í þágu hverra?

Útgáfa og umfjöllun um MFÍK:

Að venju varð nokkur fjölmiðlaumfjöllun um félagið í kringum 8.mars í blöðum og útvarpi. María S. Gunnarsdóttir fór m.a. í langt viðtal hjá Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur á Talstöðinni og fékk þar gott tækifæri til að kynna MFÍK. Í grein Maríu Kvinnabarátta fyrir jafnrétti, jöfnuði og betra mannlífi, sem birtist í Mbl. 24.október var gerð grein fyrir afstöðu MFÍK til aðgerða á Kvinnafriðegi og kvinnabaráttu almennt. Vakti greinin athygli á félaginu og birtist síðan á heimasíðu Friðar. Þá hófst dagskrá sem Dægurmálaútvarp, Ríkisútvarpsins flutti beint frá Ingólfstorgi á viðtali við form. MFÍK. Það hefur gengið misvel að fá birt fundarboð og ályktanir félagsins en í desember birti Mbl. bréf til blaðsins þar sem María sagði frá dreifiriti félaga um friðaruppeldi. Samskonar bréf um Mannréttindi og fangaflug drukknaði hins vegar í jólaauglýsingaflóðinu og birtist ekki.

Í fréttabréfinu Sisters sem NAW (National Assembly of Women) í Bretlandi gefa út var forsíðumynd og grein á baksíðu um 24.okt. í Reykjavík og þátt MFÍK.

Kristjana Bergsdóttir heldur áfram úti heimasíðu fyrir MFÍK sem síðastliðið haust varð <http://mfik.is>. Póstsendingum hefur fækkað verulega en ennþá vantar netföng á of marga félaga. 78 af 140 eru á netfangalista en það er mikil vinna að uppfæra hann og fylgjast með breytingum. Félagar okkur sem halda úti heimasíðunni fridur.is hafa verið duglegir að vekja athygli á starfi okkar og eiga þeir þakkir skildar.

Varla hafa verið gefin út jafn mörg fréttabréf í sögu félagsins, samtals sjö, sem komu út í janúar, apríl, mars, maí, september og nóvember 2005 og janúar 2006.

Dagskrár 8.marsfundar og bókmenntakynningar 10.des. voru einnig sendar út.

Meðal prentaðra ályktana og yfirlýsinga má nefna: 8.mars yfirlýsing Friður- virðing og jafnrétti. - Yfirlýsing um Írak 19.mars. - 24.október var dreift tveimur blöðum á

Ingólfstorgi: ályktun undir yfirskriftinni Mannréttindi – friður – jöfnuður, afstaða MFÍK í ýmisum málaflokkum í örstuttu máli. Öðru undir sömu yfirskrift með ljóði eftir Jakobínu Sigurðardóttur og broti úr Mannréttindayfirlýsingu S.P. Loks var blað um fórnarlömb stríða: 80% flóttamanna í heiminum eru konur.

Í desember sömdu MSG og GHa efni til kynningar á Menningar- og friðarsamtökunum á ensku, frönsku og dönsku til kynningar í París.

Í friðargöngunni dreifðu MFÍK félagar dreifiriti um friðaruppeldi: Kaup handa börnum fyrir jól og Mannréttindi – fangaflug.

Ásamt öðrum: Vatn fyrir alla – yfirlýsing og plakat.

MFÍK hefur áfram notið krafta Andra Leó Lemarquis við dreifingu plakata um bæinn.

Erlend samskipti:

MFÍK hefur frá stofnun 1951 verið aðili að Alþjóðasamtökum lýðræðissinnaðra kvenna. Það er enginn vafi að þetta alþjóðasamstarf hefur styrk MFÍK en starfið hefur ekki verið eins öflugt eftir að forsætið fluttist til Brasilíu. Að einhverju leyti hefur það

landfræðilegar skýringar en breytingar í heiminum urðu til þess að ALK varð félagsskapur sem enginn í Evrópu sóttist eftir að bera uppi. MFÍK var kjörið meðal sjö fulltrúa í stjórn Evrópudeildar ALK á Alþjóðaráðstefnu í Beirút 2002 (ásamt Kýpur, Portúgal, Rússlandi, Tyrklandi, Grikklandi og Kúrdum). Við höfum lagt áherslu á að efla samskipti og byggja upp samstarf innan Evrópu en talið að samskipti við önnur aðildarfélög komi í framhaldi. Í október 2004 áttum við Guðrún Hannesdóttir fund með nokkrum aðildarfélögum og lögðum þar fram tillögu um að senda spurningalista til aðildarfélaga og reyna þannig að komast að því og kortleggja hverjar við erum í dag. Þetta er loks að takast og er Skevi (Kýpur), tengiliður Evrópuhópsins, að vinna úr niðurstöðunum. Í desember í París höfðum við Guðrún aftur tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri við fulltrúa ýmissa aðildarfélaga og er nokkur skriður að komast á þetta núna. Á döfinni er fundur í Lundi 20.-21.maí 2006 í boði sænska kvenna og mjög nauðsynlegt að MFÍK sendi fulltrúa. Verið er að vinna í þeim málum.

Hvað er framundan?

Eins og fram kom í fundarboði er áhugi fyrir að festa í sessi styttri útgáfu á nafni félagsins: Menningar- og friðarsamtökin eða Menningar- og friðarsamtökin MFÍK. Eftir umræðuna sem varð á félgsfundi 10.janúar tel ég hins vegar ekki ástæðu til að hreyfa við greininni um hverjir hafi aðgang að MFÍK. Hins vegar vil ég, sem starfandi formaður, að það sé ljóst að ég tel lykilatriði að MFÍK starfi í anda jafnréttis. Það getur margvíslegt starf rúmast innan félagsins. Við gerðum tilraun til að stofna sjálfstætt starfandi friðarhóp listamanna árið 2002, það var Jóhanna Bogadóttir sem átti hugmyndina. Þótt það gengi ekki eftir þá, tel ég að hægt væri að stofna ýmsa sjálfstætt starfandi hópa innan félagsins og væri það í fullu samræmi við gildandi lög. Þær sem vilja tjá sig um þessi mál geri það endilega hér á eftir.

Nokkur orð varðandi stjórnarkjör - Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa formann og varaformann sérstaklega, sem sitja tvö ár í senn og eru kosnir sitt hvort árið. Í ár er það formaðurinn og að beiðni félaga hef ég samþykkt að sitja áfram næsta tímabil en vonandi fáum við þá framboð út hópi ungliða.

Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum fyrir afar ánægjulegt samstarf. Það eru ótaldar vinnustundirnar sem við höfum í sameiningu unnið í þágu félagsins á síðasta starfsári eins og sést af þessari skýrslu. Við skulum vera raunsæjar, sigrar eru fáir í okkar starfi en ég er ekki í neinum vafa um að félag okkar hefur áhrif. Það er fátt sem friðarhreyfingu er óviðkomandi og næg verkefni bíða. Ég hlakka til að takast á við þau með næstu stjórn og öðrum félögum.

Skráð í febrúar 2006
María S. Gunnarsdóttir.